

## Sp. 158. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerð á Hvítá hjá Iðu í Árnessýslu.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú á þessu ári gera brú á Hvítá hjá Iðu og heimilar fé úr ríkissjóði, er nægi til þeirrar brúargerðar.

### Greinargerð.

Á meðal hinna stærri brúa, er gerðar skulu samkvæmt brúalögum, án þess að enn sé komið til framkvæmda, er Hvítárbrú hjá Iðu í Biskupstungnahreppi. Vegamálastjórn landsins mun ljóst, að brú þessi er aðkallandi og þolir eigi bið, er eitthvað verður aðhafzt hér eftir um brúargerðir.

Viðlent og fjölmennt læknishérað, er nær yfir uppsveitir Árnessýslu, er svo að kalla skipt í tvo jafna hluta af hinu mikla sundvatni, Hvítá. Er læknissetrið, Laugarás, í námunda við ána að vestanverðu, en 3 stórir hreppar læknishéraðsins, með heimilafjölda eitthvað á annað hundrað, austan og sunnan árinna, og eiga þar allir enn sem komið er yfir þessa óbrúðu stóra að sækja, þegar læknis er vitjað. Hinn lögmælti þjóðvegur, Skálholtsbrautin, sem verið er að leggja, er um brúarstæði þetta og tengir saman Grímsnes—Biskupstungnabraut annars vegar og Skeiða- og Hreppaveg hins vegar. Til þess að sá vegur fái notið sin til samgöngubóta, er Iðubrúin höfuðnaðsyn. — Með símakerfi því, sem nú er um héraðið og nær til allra hreppanna, má kallast hart, er mikið liggur við og búið er að eiga símtal við héraðslækninn, að eftir skuli vera að sækja hann á hestum langar leiðir, hverju sem viðrar og þótt enginn eigi heimangengt, eins og nú er komið allviða, einungis vegna þess að brú þessa vantar ásamt herzlumun á vegagerðina. Þegar bót er ráðin á þessu, er fyrst búið að læknishéraði þessu líkt því, sem á sér stað um flest önnur slík þéttbýl og stór læknishéruð, þ. e. að læknirinn sjálfur á bifreið sinni sér um hraðari og greiðari gang.

Auk þessa segir það sig sjálft, að Iðubrúin verður til margs konar hagræðis fyrir héraðsbúa og tryggir að öðru leyti nauðsynlegar samgöngur milli sveita þessara með allri þeirri öru samgangnaþörf, er til greina kemur.

Að öðru leyti er óþarft að fjölyrða um tillögu þessa. Það eina, sem vekja má undrun, er rætt er um framkvæmd í þessu sambandi, er það, að brú þessi og aðliggjandi vegur skuli ekki vera þegar gert og það fyrir löngu.